og öll visindi, og þó hann hefði alla trú, svo, að hann gæti flutt fjöll, og hefði ekki búsetu, þá væri hann ekkert; og þó hann ~~gæfi~~ seldi af hendi allar eigur sínar til að ala fátæka, og þó hann gæfi líkama sinn til að brenna hann, og hefði ekki búsetu, þá gagnaði það honum ekkert. Búsetan er þolinmóð og góð í sér; búsetan öfundar eigi, gortar eigi af sjálfri sér, er eigi drembin, hegðar sér eigi ósæmilega, er ekki sérplægin, eigi uppstökk út úr litlu, hugsar ekkert illt, fagnar eigi yfir ranglæti, enn fagnar í sannleikanum, um ber alt, trúir öllu, vonar alt, þolir alt. — Að fyrir þessa óuppausanlegu fjöðsælu-lind geti maðr þó eigi bodið minna enn landsréttindi Íslands, ef menn ekki vilja láta standa uppá sig, það getr hver tossinn sagt sér sjálfr! — Góð er nú búsetan í sjálfu sér, enn í framkvæmdinni verðr hún þó því að eins góð og þörf, að hún verði sett í svo skynsamleg sambönd að, að minsta kosti, ekki leiði alt of mikið illt af henni. Hún er eins og hver annar góðr hlutr, hún er illt ef óvitrlega notuð. Nú, enn hvað sem um gæði hennar eða ógæði er að segja, þá er og verðr þó aðalspurningin: Hvers virði er hún? þá kemr til álita önnur spurn: er hún ekki réttr sem Íslandi ber eftir orðum stjórnskrárinnar: Island... hefir stjórn í sérmálum sínum "út af fyrir sig"? — Án alls efa. Enn fyrir einu lögfestan rétt er það nauðsynlegt að láta prútta ~~[illegible]~~ út úr sér annan; eða réttara sagt fyrir eitt landsréttar-atriði að láta hafa af sér öll landsréttindi að öðru leyti. Þegar nú sona liggr í málinu, þá er eigi að furða þó alvörugefnum mönnum sé farið að líða fyrir brjóst af að lesa þetta sífelda búsetu-gum, og hinir léttlyndari kými að molbúa svipnum á öllu saman, gumi og gumurum jafnt.

Það sem þessir menn telja búsetunni meðal annars til gildis er það, að ráðgjafinn verði alt af við hendina, nema þá sjaldan að hann bregðr sér í nauðsynja-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

erindum til Hafnar. Þessi naudsynja-erindi eru nú þau, að bera upp fyrir konung í ríkisráði lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir. Hvað ríkisráð telji "mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir" vita nú þessir menn engu fremr enn eg. En það getr hver maðr sagt sér, at með heimfluttri stjórn muni þeim fjölga stórum. Mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir eiga enga bið að þola úrslita. En ef ráðgjafinn á að fara að eins endrum og sinnum með þessi mál til ríkisráðs þá þýðir það að hann skuli safna fyrir mikilsvarðandi ráðstöfunum, og fara með tillögur sínar um þær þegar honum þykir safnið orðið nógu stórt. Ferðin til Hafnar yrði tíðast 12-14 daga ferð. Þegar þangað kæmi, yrði ráðgjafi að bíða með mál sín, unz konungr stefndi ríkisráði saman. Á fyrsta fundi er hann sækti yrðu málin ~~at sinu~~ lögð framm og tillar þeirra ~~bókaðir~~ skráðir í gjörðabók ráðsins; hin einfaldari líklega, eða ef til vill, afgreidd á sama fundi. Með afgreiðslu hinna stærri mála yrði ráðgjafi að bíða funda-hentugleika konungs og ráðs. Tíminn sem til þessa gengi yrði því lengri, sem málin væru fleiri og ráðinu þætti meira til þeirra koma. En ríkisráð Dana, eins og önnur ríkisráð, er hægfara og gætið, og hraðar (ótt) að engu máli. Enginn þeirra sem telja, að ráðgjafi skryppi svo sem snöggvast endrum og sinnum til Hafnar vita, hvað langr tími gengr í þenna rekstr mála í ríkisráði, enginn, hvað langan tíma ~~biðr~~ málin (urðu að) bíða heima (áðr enn ráðgj. lagði af stað með þau) ~~[illegible]~~. En það getr hver maðr sagt sér, at innlimunar-ákvæðið flýti at gera afgreiðslu þeirra mála, er í ríkisráð þeru, alt eins tafsæla eins og sú er, sem nú gengst við. Ad íslenzkr ráðgjafi væri málunum kunnugri enn þeir dönsku er ofr eðlilegt, en ekki leiðir af því naudsynlega reinn aukinn flýti rekstrs í ríkisráði, nema hann þá hefði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fult traust ráðsins; enn þýðir það, að maðrinn (þá) hefði fult traust Íslendinga? Hver vill fullyrða það? Hið gagnstæða er hið líklegra.

Friðrinn á landinu.

Nú er loks svo komið upp úr á þeim sauðum, sem (á) innlimunarhögunum ganga, að friði í landinu á að standa voði af því, að til sé Íslendingar, er varnarorði þora að halda uppi fyrir réttindum ættjarðar sinnar. Þessir menn standa á bjargföstum grundvelli réttar og laga. Þeir fara ekki feti framar enn sá réttur (til skilr), þau lög heimila. Enn þessir menn ófriðarseggirnir? Það þykir Ancstra. Enn hann kemst rokkið hjáleitlega frá kærunni. Landsvörn á að vera ófriðar-vættin, því að hún haldi fram sömu skoðunum eins og eg í "Í ríkisráði". Enn þessari ritgerð (minni) var tekið með þeirri steinþögn, að ritstjóri sá það ekki til reins, að birta í blaði sínu tvær (aðrar) ritgerðir (eftir mig) um málið, sem hann þó hafði opinberlega lofað. Af skoðun, sem svarað er með steinþögn í landi, á landsfrið að standa voði! Almenna skilyrðið fyrir þögn er kyrrð. Almenna skilyrðið fyrir friði er skyldubundið starf. Almenna orsökin til ófriðar er hreyfing, sem rýfr þau lög er binda menn saman í friðar félag. ~~Nú fyrir þá sauðunum sér sagði ófriðr á~~ Landsréttr Íslands er það lögmál sem bindr saman í friðhelgað þjóðerni börn þess. Með samleikanu og rannsóknarinnar friðar-aðferðu kosta (menn) kapps að fá (fólk) til að skilja að þessi landsréttr sé nú rofinn á hinu fámenna, fátæka (þjóðar) félagi. Sé þetta ófriðr, þá er það ófriðr af við líka tægi og sá ófriðr væri, að (maðr), sem frétti að einhverir hefði byrgt glugga og dyr hjá nágranna sínum svo fólkið væri í myrkri og kæmist ekki út, færi til og ryfi frá gluggunum, svo dagsbirtu legði inn, og opnaði dyrnar, svo að fólkinu væri frjálst að ganga út.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landvörn

~~Forsetaflokkr~~

Nei! að rjúfa frið í landi mun þeim verða ~~[illegible]~~ leift einum sem áum saman hafa bitizt eins og hungraðir gaddhestar um tuggu ráðgjafadæmisins, og í orði kveðnu hafa einskis hlifst til ófriðar sín á milli og nú loks hafa gengið í bandalag — þó friðr innbyrðis fari eigi með — að fyrirfara landsréttindum Íslands. (hótandi ofreki hverjum er mótti mæli) Móti þessum ófriðarseggjum hefir risið, ~~til varnar~~ (með „Landvörn" fyrir málgagn) sá flokkr, sem vigi hefir kosið sér innan landsréttinda, innan réttar og laga, það vigi, þar er Jón Sigurðsson varðist ~~[illegible]~~ með sannleikans, ~~og~~ réttarins og ráðvendninnar sigrsælu friðarvopnum. Þessi flokkr er ~~[illegible]~~ eiginlega eins og raun myndi vitni bera, ef hjartnatal væri tekið í landi — öll hin íslenzka þjóð, sem ókeypt er, óvéluð er. Í þessum flokki ætti hver einasta sál ~~[illegible]~~ að vera, sem um landi sínu söguerfðs réttar og framtíðar frelsis; hver einasta sál sem trúir því, að ~~[illegible]~~ líf hinnar litlu þjóðar liggi þróun af innlendri þjóðernisrót. Landvörn ~~[illegible]~~ talar máli, ferir mál allrar þjóðarinnar. Öll þjóðin saman tekin, er sá flokkur sem hún kveðr sér til fylgis. Og vili þjóðin öll einkenna sig svo sem flokk andspænis hinum flokkunum, þá er FORSETAFLOKKR vel valið nafn, dregið af því virðingarheiti sem öll þjóðin ~~[illegible]~~ gaf Jóni Sigurðssyni, sem jafnan ~~skipaði~~ hélt undvegi og forsæti þar er ORÐI skyldu verndað ~~rétt og frelsi~~

RÉTTR OG FRELSI ÍSLANDS.

(til verndar fyrir)

RÉTT OG FRELSI ÍSLANDS Eiríkr Magnússon

Athr. Rifn.

Ofmikið gróin hinn [illegible] og margþætta [illegible]

vinar, lauka vori G. M. í Cambridge sýnir skýst og skilnerki leyn þann á hve mikla vilja þeir fara með er hafa at byggja sampykki sitt til stjórnarfr. á því at nýverandi ráðaneyti geti ásamt alþingi ákveðið nýja stjórnskipun fyrir Íslands sérgjaldum gagnvart danska ríðaneytinu í heilt sinni. Þar er þessir fáráðlegu stadleysu byggjir á d. tímar þínum sína lífgent yfir stjórnarbótinni"!! — og vita fá aðra leið þeir at fúa á þessa kórvillu með sýk.

Vér getum ekki gert þessum mönnum annan betri greiða heldur en at ráðleggja þeim at lesa þessa grein Skag. G. M. rækilega — til þess at þeir geti meðan eru er tíma til lærdart af þeirri ímyndun at þeir vorkum verði brytjaðir um ríkisráðsreglur dans með leiðum nýja fr stjórnlagaákvæðum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Á Alþeimar~~.

Álfatrú.

1.

Á löðarþingi hefir alþingismaðr (einn), að vitnisburði Ísafoldar, sem eigi hefir verið borinn aftr, svo eg viti, látið það uppi, að ráðgjafi Íslands, (hinn 'búsetti') fari (ásamt) öðrum og sínum til Hafnar, til að ~~lát konung~~ "undirskrifa." Hvað hefir þingmaðrinn fyrir sér (Hann hefir) í þessu til stuðnings? — Þetta ákvæði hinnar svo nefndu stjórnbótar, sem alþing samþykkti í einu hljóði í fyrra: ráðgjafinn skal ... bera lög og mikilvarðandi stjórnarráðstafanir upp fyrir konung í ríkisráði. Hér er ekkert orð um neina undirskrift. Að bera upp mál hefir aldrei í sögu ~~máleins~~ íslenzkrar tungu (merkt, 'að skrifa undir mál'. Enn merkingin hefir ávalt verið, og er enn: að leggja mál framm undir álit þess, sem það er borið upp fyrir. Nú er konungr forseti ríkisráðs Dana.[1] Að bera mál upp fyrir hann í ríkisráði er því hið sama sem að leggja mál framm undir álit forseta og þess ráðs sem hann hefir forsæti í. Því að, ~~eftir Grundvl. Danm. skal~~ ~~bera upp (forhandles)~~ "öll lög og mikilvarðandi stjórnarráðstafanir skal bera upp" (forhandles) "í ríkisráði."[2] Í þessu ráði eru þau mál, sem þar eru borin upp, rædd; forseti, konungr, heyrir tillögur ráðsins, tekr við samþykki þess til mála, við ágreiningi þess um mál, við fellingu þess á málum, og lætr bóka alt slíkt í gjörðabók ríkisráðsfunda. Eftir samþykki ráðsins ~~bjóða ráðherra, sem talað er í máli~~ bera ráðherrarnir málin til konungs undirskriftar; enn hann getr undirskrifað mál hvar sem honum þóknast sjálfum. Ákvæði alþingis þýðir því það, að 'hinn búsetti' fari með sérmál Íslands í ríkisráð til þess, að þau verði þar, á venjulegan hátt, búin undir endilega undirskrift (úrskurð) konungs. Hitt er Álfatrú, að hinn búsetti fari með málin til að láta konung undirskrifa þau þá (þegar) er hann ber þau upp í ríkisráði. Og eru það óskiljanlegir löggjafar sem ekki bota betr enn þetta í sinni eigin löggjöf.

1) Grundvl. §. 15.

2) Grundvl. § 16.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Sá þykir, nú orðið, varla maðr með mönnum, sem ekki "veit" það, að allt, sem konungr undirskrifar, það undirskrifar hann "í ríkisráði". Þetta er ein Alfatrúin, af mörgum, sem flóað hafa úr nægta-horni (hinnar nýju) alfatrúar, ákvæði alþingis, er býðr hinum mikla búsetta að bera termál Íslands upp fyrir konung í ríkisráði. Ef undirskrift konungs ætti að verða að eins í ríkisráði, (eins og fundahöldum þess hagar nú,) þá fækkaði nú, heldr enn ekki, tölu þeirra daga í árinu er konungr undirskrifar (á) nú; og fjölgaði, heldr enn ekki, sviplega um fundahöld ráðsins úr því sem nú gerist. Konungs undirskrift getr orðið hvenær sem hans hátign þóknast og hvar sem honum þóknast eða ríkisrandsins krefr. Hún getr orðið í höll hans, hverri sem vera skal, á hádegi, hún getr orðið í sæng hans á jólum bindabæ um miðnætti eða í tjaldi hans hvar sem vera skal, eða á hestbaki — rétt eins og vilja hans erlúst eða ríkisþörf krefr. Vili þeir álfatrúnnu halda því fram, að það sé (bara) Íslandsmál sem konungr verði að undirskrifa í ríkisráði, (þegar sá búsetti kemr inn,) þá verða þeir þó að sýna oss ~~ekki~~ hinum einhverja sennilega ástæðu fyrir slíkri tíu, áðr enn þeir geta búizt við að vér lát. um prinsignast undir þetta krossmark þólitiskrar endlausnar Íslands.

3.

Um ekkert eru blaðstjórar Íslands eins samþærðir eins og um það, að aldrei hafi Danir verið þeldisstefnu Íslendinga eins hlyntir eins og nú; aldrei hafi Ísland haft eins frjálslyndan ráðgjafa eins og nú. Hinn sögulegi samleikr í þessu atriði er nú þessi: Síðan 1851 hefir ríkisráð Dana aldrei gert eins einharða tilraun til að innlima Ísland í Danmörk eins og nú. Verði sú tilraun að framkvæmd, þá eru þegnar konungs á Íslandi hneptir í undirlægjuskap undir þegna konungs í Danmörku: því að um sameiginleg mál vélar ríkisráð þá ekki á engum Íslendingi til kvöddum, um hin sérstöku að til kvöddum einum, honum, sem það, ríkisráðið, hefir ráðið konungi til að skipa ráðherra fyrir Ísland. Með ótr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um orðum: honum, sem ríkisráð hefir kjörið ármann sinn eða fógeta á Íslandi, eftirlitslausan og ábyrgðarlausan. Síðan 1851 hefir enginn ráðgjafi sem farið hefir með mál Íslands ~~bróðt alþingi það ofríki sem sá hefir gert er nú eitt að völdum~~ látið alþingi koma á sínum hlut eins fyrirlitlega og þessi hefir gjört: þér innlimið yðr í Danmörku eins og eg, að undirlagi ríkisráðs, segi fyrir, og þá fyrirsögn takið þér óbreytta! Þetta er hinn mikli frjálslyndi ráðgjafi, sem ~~bróðt~~ blaðstjórar Íslands sjá eigi sól fyrir. Alfa trú er sterk!

4.

Það, að alþingi gegnir valdboði ráðgjafa, og samþykkir í einu hljóði fyrirsögnina og setr ríkisráði í Danmörku þau lög, að ráðgjafi Íslands skuli fara með sérmál landsins til meðferðar í ríkisráði, á að vera "hreint og beint íslenzkt löggjafarmál". Í 3. gr. stöðulagana eru þau mál talin upp, er vera skuli sérstök mál Íslands. Í 1. gr. stjórnskrár Íslands er svo ákveðið, að í þeim málum, sem talin eru upp í 3. gr. stöðulagana skuli Ísland hafa löggjöf og stjórn út af fyrir sig. Í engum öðrum málum hefir Ísland löggjöf né stjórn út af fyrir sig. Til þessarra mála er ríkisráð Danmerkr ekki nefnt á nafn, eigi máli að því sveigt á nokkurn hátt. Liggr það þá í augum opið, ~~[illegible]~~ að alþingi Íslands hefir ekkert löggjafarvald í nokkuru máli, er víkr að sessaskipun og vinnubrögðum ríkisráðs Dana. — Römm er Alfanna trú!

5

Ríkisráðs-ákvæði alþingis á að vera auðbreytt sökum þess, að það sé hreint og beint löggjafarmál alþingis. ~~En nú tilskilr ákvæðit~~ Sú breyting væri náttúrlega samkvæmt ákvæði alþingis. "mikilsvarðandi stjórnarráðstöfun" er frammkvæma yrði ~~að alþingislögum~~. En nú skipar ákvæði alþingis svo fyrir, að ráðgjafinn skuli bera upp fyrir konung í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ríkisráði lög og mikilvarðandi stjórnarráðstafanir. ~~Breytingu þessi~~ Þegar alþingi því þætti tími kominn til að breyta ákvæðinu, og gerum ráð fyrir því ~~þó~~ yfrið óliklega tilfelli, að verkfæri ríkisráðs, ráðgjafinn, fengi eigi aftað því, að þing gerði ít lög til að fá breytingunni framgengt, þá yrði hann að fara og "bera" þau "lög upp í ríkisráði". Nú færu lögin fram á að breyta þvi laga-ákvæði, sem ríkisráð sjálft fyrir önduerðu ~~bað~~ hafði látið ráðgjafa Íslands bera upp á alþingi, ~~með~~ og ~~þá~~ ráðinu þótti svo mikils um vert að koma fram, að það réð konungi til að staðfesta það, þvert ofan í ríkisstöðulegan rétt Íslands, þvert ofan í landsrétt þess og þvert á móti grundvallarlögum Dana. Í ríkisráði fengi (— það getr hver maðr sagt sér sjálfr —) breytingin þá fylgt hvers einasta ráðherra — til grafar; ~~[illegible]~~ yrði þau lögð þar til hvílu, hjá landsréttindum Íslands, við viðhafnarlitla útför! — Í þessu atriði gerir Alfatrú ráð fyrir því, að lagasynjunar réttr konungs sé eigi til; að í stjórnmálum Íslands hafi Danir (ríkisráð) ekkert minni, engan vilja; að íslenzkt löggjafarvald sé alveg eitt um hituna, ~~nema~~ (Alfatrúnni) að Íslendingar trúi sér langt um betr enn sinni eigin sögu, lögum sínum, fræðustu mönnum sínum (Jóni Sigurðssyni) og heilbrigðri skynsemi, og, loks, að það sé sjálfsagðr hlutr, að sú stjórnskrár-breyting gangi sigrandi fram, sem allir skynjandi menn vita fyrirfram að fær hjá þeim, sem eftir ákvæði alþingis sjálfs eiga að leggja smiðshöggið á hana — sitt sleggju-röthöggið hjá hverjum. Í þessarri öld er engin trú lík Alfatrú!

§ 6.

Eitt blómstrið í "Fools'-Paradise" Alfatrúar er þetta: Þegar ákvæði alþingis er orðið að lögum, þá höldum vér "með krafti" fram þeim skilningi, að eigi skuli ræða sérmál Íslands né gera ályktanir um þau í ríkisráði. Enn að bera

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mál upp fyrir einhvern merkir, eins og áðr er sagt (§ 1.) að leggja það framm fyrir þann, sem klut á í máli, til þess, að hann láti uppi skoðun sína á því. Um skoðun sína láta menn í ljós, meðal annars, með því, að ræða það efni, sem undir skoðun þeirra er borið. Nú væru það býsna óþegnleg atlot við konung, að setja það í lög, að ráðgjafi Íslands skuli bera upp fyrir hann í ríkisráði sérmál Íslands, það er: skuli leggja framm fyrir hann, forseta ráðsins, málin, enn mótmæla því um leið, af hendi Íslendinga, að þau verði rædd eða ályktun um þau gerð í ráðinu. Þetta væri — þegar ákvæði þings væri orðið að lögum — að svikjast, með óskiljanlegri léttúð, undan eigin lögum og að gera háð og narr að konungi og hjá hans háa ráði sem lýtr forsæti hans. Þetta sér hver maðr í hendi sér, sem gætir þeirra reglna, sem starfsemi ríkisráðs fer eftir. Forseti tekr við þeim málum, sem upp eru borin fyrir hann. Frá forseta stól tilkynnir hann í eins stuttu máli og verða má (précis sem skrifarar búa honum í hendr) efni hvers máls, um leið og hann kveðr ráðið álits og ályktar um það, hvert eftir annað. Þessari fösta venju á hann nú ekki að mega fylgja í málum Íslands, sem að lögum, eru borin upp fyrir hann, heldr á hann, frammi fyrir þeim ráðherra fundi sem hann stýrir, að rjufa fastar reglur fundahalda, og skrifa undir mál Íslands (ein allra mála, sem upp eru borin fyrir hann), meðan ráðgjafar hans sitja (og horfa á steinþegjandi hjá) ~~[illegible]~~ (meðan) undir er skrifað! Þessum skilningi eiga nú Íslend. ingar að halda framm með krafti, þegar þeir eru bánir með lögum að vísa sér. málum sínum til konungs í ríkisráði, án nokkurrar ákvörðunar um það, hvernig þar skuli með þau farið! — Danir færu með skilninginn eins og hvern annan Alfaskilning, og Alfarnir — ja þeir færu þá ekki lengra út í það!

Í orphaugum flónskunnar hafa menn stundum fundið gullmola vits.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þessum Alfaskilnings-haugi má og finna dálítið gullkorn vits, þótt gullið sé ekki eiginlega af hreinasta tægi. Gullkornið er þetta: það tjáir ekki, með neinu móti, að ákvæði alþingis merki meira enn það, að konungr með ~~[illegible]~~ ráðgjafa undirskrifi sérmál Íslands; að ráðgjafar Danmerkr ríkis ræði þau mál og ályktí um þau nú alls ekki við gangast. Ef að þeir gjöra það, þá er ekki annað fyrir, enn að hefja stjórnarbarátturna að nýju "með krafti". Svo að Alfarnir eru þó, að því leyti, einlægis við kolann, (ef þeim er treandi til eigin orða,) að þeir vilja alls ekki að ákvæði alþingis ekuli varða innlimun í Danmörku. Með engu móti vilja þeir þó bregta því. Nú getr þó hver maðr með meðalviti séð, að ákvæðið er innlimun í Danmörku, og það dylst engum hugsandi manni, að þegar það er orðið að lögum, þá er of seint ~~orðið~~ að sakast um orðinn hlut. Enn þá vilja nú Alfarnir fyrst taka á þeim skilningi, sem þeim, er ekki enn af ~~þess~~ (þeirra) sandaluúsi, þykir ráðlegra (og ráðvandlegra) að taka á fyrirframm. Hið óhreina í gulli Alfa er (þá) þetta: þeir segjast ekki vilja hafa innlimun, ~~og get það verið hjartans~~ (þá er hún er orðin,) enn styðja á allar lundir að því, að hún verði; því að laga-ákvæði alþingis, sem er innlimun, ~~illi þeirra, enn getr líka, eftir vill, verið jafning með vörunum, og fyrir þvi eru meiri~~ gild og gallalaus, vilja þeir sjálfir að verði stjórnskrár-lögmál fyrir Ísland, og gjöra ~~[illegible]~~, ~~[illegible]~~ þess, að ~~þeir eru einhverjir við það, að innlimun til er ákvæði alþingis~~ alt er þeir geta til þess að fá aðra til að vilja hið sama. Orð þeirra eru í sífeldum ~~[illegible]~~, ~~gangi fram~~, ~~enn segjast ekki vilja hafna þá~~, ~~er hún er orðin~~, og ekkert áflogum, við gjörðir þeirra. Nú eru verk manna óræk vottr um trú þeirra, svo að hér ~~verðr vitnað~~ ~~Sannr~~ er hér tölusvarr: ~~þvi að mannlýki þessi segjast einmitt ekki~~ verðr ekki villst á trú ~~einmitt~~ Alfanna, og má þá einu gilda hvað um orðin verðr; ~~þar eru vilja það, sem þeir sjálfir vilja, og gera alt sem þeir geta, til að fá aðra til að vilja~~. Þæmst eyru er yxn, hvort sem er. — ~~Enn þeir þá að vera sjónir manna á sér~~ Enn eigi má ganga alveg þegjandi framhjá soraskófunum, kjarnanum úr soranum. Hann er nú hvorki meira né minna enn drottinssvik. Innlimun heimta Alfar vorir að gangi fram; enn eru svo óhreinir og læðulegir, að geyma þegjandi í huga sér þann skildaga, að henni skuli ekki verklega beitt; verði það gert, þá sé sjálfsagt, að ~~[illegible]~~ (stjórnarskrána rofna. (eins og lagastafrinn fyrir henni vísar til, enn ekki) þá er hún er orðin,) Það er að segja: verði ~~[illegible]~~ innlimunin framnkvæmd upp á Alfa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vísu, þá er sjálfsagt að menn risi almennt upp á móti henni! Nú vita Alfarnir fyrirframm, að henni verðr beitt eins og lagastafrim til skilr enn ekki upp á Alfavísu; vita þeir þá fyrirframm, að hún vekr ekki einungis óánægju þeirra sjálfra — sé orðum þeirra triandi — heldr og allra manna um alt land. Þeir vita þá fyrirfram að það, sem um er að ræða, er þetta: er það politisk skynsemi, að setja lög, sem allir viðrkenna fyrirfram að hljóti að valda megnri alskerjar óánægju, ~~um alla kinn landa~~ úlfúð og hatri í landi? Er það vegrinn til að koma á þeim friði sem Alfunum þykir svo hörmulega skitinn? Svari mér, ekki hyggjulausir Alfar, heldr gætnir, skynugir, grandvarir menn. Svo mikið er óhætt að fullyrða — og er það hið hollasta öllum, sem hlut eiga í máli, að það sé gert í tíma — að vari nokkuri annarri þjóð enn Islendingum boðið það, að innlima hana í höfuð-ríki með lögum er á engum rétti yrðu studd, á téði hún þeim konungi (samboðna) hollustu, er staðfesti slík rétthaus lög, og láti löggjafa sína eiga óöfundverða æfi. Megum vér spyrja, er það ekki skylda hvers konungs, hvers settjarðarvinar, hvers Islendings er lifa vill í samborgaralegu bróðerni við hina hámentuðu dönsku þjóð, að gjöra sitt til að varna því í tíma, að ísquerfi um, lögerfi um landsrettindin á Islandi verði í fyllsta lagaleyri forðið fyrir fætr fáeinna manna til þess, að friða hégómlega drottnunargirnd þeirra?

Eitt er það, sem ekki er óskynsamlegt athugað af Dönum sjálfum: Nauðsyn ber til þess, að utanríkis ráðherra Danmerkr fái varnað því í tíma, að Islendingar flæki með löggjöf sinni ríkið inn í vandræði við önnur ríki, og vel væri það, að eftirlit yrði haft á því, að þeir eigi misbyðu rétti Dana í reinu á Islandi. Enn til hvers er þeim "bísetta" triandi, ef honum má eigi trúa fyrir því, að sjá um að Islendingar fari eigi að alþast út í kynja-löggjöf af þessu tægi? Enn hér má nú úr máli bæta á marga lund svo vel fari, án þess að innlima þurfi Island í Danmörku.

Skygnir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Austri" og "Ríkisráðið."

Ritgerð mín: 'Í ríkisráði' var til þess færð í letr, að biða sönnun að því, at alþing hefði engan rétt, hvorki ríkisstöðulegan né stjórnskrálegan til þess, að setja það í lög sín, at ráðgjafi Íslands skuli í ríkisráði bera upp sérstök mál þess. — Sé það ekki heimilað alþingi í stöðulögunum frá 1871, né í stjórnarskránni frá 1874, að setja lög, er kveðiá hvað gera skuli innan ríkisráðs Dana, þá virðist það ekki orka nokkurs tvímælis, at alþing hefir, at lögum, ekkert vald til þess, at setja slíkt ákvæði í stjórnarbót þá, sem nú er í smíðum. Nú er það kumuqra um frá þurfi segja, at ríkisráð Dana lýtr, at lögum, í engu, ~~undir~~ hvorki smáu né stóru, undir löggjafarþingha (löggjafarvald) alþingis; það stendr alsendis fyrir utan hana; og hvernig getr þing þá sett lög, er gilda skuli fyrir utan þá löggjafarþingha, sem ríkisréttr og stjórnskrá marka því?

Um þetta atriði hélt eg að ~~ritgjörð~~ ritgjörð mín myndi ~~ekki~~ koma mönnum á skilning.

Það eru margir kjósendr til á Íslandi, sem þengið hafa svo þroskað hugagjuvit á stjórnmálum, at þeir sjá það eins glögt og þeir sjá, at tveir og tveir eru fjórir, at alþingi má eigi leyfa sér nokkura löggjafar-athöfn, er fari út fyrir það svæði löggjafarþinghár, sem ríkisréttr og stjórnskrá marka því. Og ekki nóg með það; eg veit af þeim, og þeim eigi fáum, sem þykir það 'kynlegt', at nokkurum manni detti í hug at halda því fram, at stjórnskrár frumvarp hljóti at falla, ef ekki standa í því tvö orð, sem alþing hefir engan rétt, ekkert vald til at setja í það, og gera því ákvæði, sem er 'hrein löglausa'. Eg sé ekki betr en at þessir menn standi á þeim grundvelli heilbrigðrar skynsemi, sem enginn fær raskað.

Kompas kjósenda 1902.

Enn nú telr Ritstj. Austra mér hafa yfirsezt í þessu máli. Eg á eigi at hafa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gætt að því, að kjósendr landsins vissu það fyrirfram, að þetta ákvæði: "í ríkisráði," mundi standa í frv. stjórnarinnar; því að bæði hefti "Politiken" 13. sept. (1901) og "Dannebrog" í jan. 1902, o: höfuðblað vinstri flokksins og málgagn Íslandsráðgjafa, látið uppi (1. Polit.): "að eigi megi skilja hann (Íslandsráðgjafann) frá stjórnarráðinu, svo hann geti leitað samþykkis konungs að ráðaneytinu fornspurðu", (2. Danneb.) (að) "aðalkostr á frv. stjórnarinnar og Dr Valtys" (væri) "að Íslandsráðgjafinn flytji málin í ríkisráðinu". Eftir þessu fóru nu kjósendr. Gekk þeim margt til: um fyrirkomulag með ráðgjafa Valtýs "þegjandi smeygt inn í ríkisráð og búsettum í Höfn," og ráðgjafa fast á-kveðnum í ríkisráðinu, enn búsettum hér heima á Íslandi, urðu þeir að skoða huga sinn. Þeir kusu það, "að gera enda á hinni skaðvænu stjórnardeilu", "vildu eigi stofna landinu í bersýnilegan voða með áframhaldandi illdeilum um stjórnarskrármálið og nærri hepting allo viðunanlego framgangs nytsömustu og naudsynlegustu laga, og framför landsins."[1] Þegar nú þetta var af ráðið "gáfu öll heima-stjórnar kjördæmi"... "alþingismönnum otvíræða skipun (!) að ganga að stjórnarfrv. eptir því, sem búast mátti við að það yrði útilátið... og konungsboðskaprinn 10. jan (1902)[2] og greinar stjórnarblaðanna höfðu gefið fullan ádrátt um, að það yrði úr garði gjört."

"Til þessarar niðrstöðu komust kjósendnir, bæði af því, að aðalkrafan um búsetu ráðgjafans hér á landi var þó fengin"... og þeim var heitið því fastlega af blöðum stjórnarinnar, "að Íslands ráðgjafinn eigi að vera miðdepill[2] allrar umboðsstjórnar og einvaldur[2] yfir allri löggjöf þess (– gratúlera Íslandi!).

Eftir þessum kompás sigldu kjósendr 1902.

~~[illegible]~~

1) Hér er borið alt ofmikið í lýsingu ástandsins. Menn hafa borizt á persónulegar illdeilur, það er satt, og illa farið, því að þær kæfa rósama rannsókn málefnanna og er það skaði, einkum þeim, sem blöðin eiga að koma í ljósan skilning um það hvernig í málunum liggr. Í þessu efni sakna eg, fyrir mitt leyti, einkum þess hvernig Björn ritstj. Jónsson hefir breyzt úr þeirri fyrirmynd ritstjóra sem hann var fyrstu tólf árin er hann gaf út blað sitt. — Enn að viðvaða hafi leyið af þessum illdeilum, eða að þær hafi heft framfarir í landi, það er að eigna þeim miklu meiri þýðingu enn þær eiga skilið. Ekkert samband sé milli ritstjóra rifildis og landsframmfara. Sá einn

2) Hvaint hinn rotalegasti fúgeli sem eg veit til að nokkurn landi hafi verið fyrirheitinn. "Voði" sem af því hefir staðið hefir ekki verið annar, en sá, sem unna velsæmi, kynni að kristna höfuð sín hálslíð yfir dónaskap og duglegsi ritstjóranna.

Landsbókasafn Íslands – Gegnir.is – Stafrænt bókasafn

Gullhamraðir
~~Singaðrvélaðir~~ Kjósendr.

Þetta er alt skrifað út úr lífsbók flokka-leiðtoganna þar sydra, sem smátt og smátt brestr þor að standa við eigin athöfn, innlimunina, óstuddir; klaupa því upp til handa og fóta til að varpa ábyrgðinni á þjóðina, kjósendrna. Það er gamla sagan:

Foringjar fárinu valda,
Folkið skal
~~[illegible]~~ gjalda.

Hér er eigi ráð nema í tíma sé tekið, það sjá "leiðtogarnir"; er því bezt, að slá þvi föstu frá öndverðu, er fyrir má sjá, að illa gefist ill ráð, að ~~þetta er~~ alt sé kjósendum ~~[illegible]~~ að kenna; leiðtogar og fylgismenn þeirra á þingi hafi (að eins) framkvæmt "ótvíræða skipun" ~~kjós~~ þeirra ~~[illegible]~~. Með þessu móti ~~[illegible]~~ ætti kjósendum (að verða) komið í kreppu, (það) sjá leiðtogarnir fyrir. Ef ~~þeir~~ Kjósendr (trúa þessu sem Austri fer, með) og það heldr hann og leiðtogarnir að kjósendr gjöri sjálfsagt, þá er svo (bægilega) gullhamrað, þá ~~er~~ (þykir) líklegt að kjósendum lítist (það) helzt ráð, að teygja úr sér, bera sig mamalega, og standa við það, sem foringjarnir eigna þeim að hafa (afrekað með einskonar valdboði.) ~~[illegible]~~ Það skyldi þó vera ólíklegt, ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~

að gefa út lögákvæðið: "í ríkisráði", samkvæmt því er staðið hafi í dönskum blöðum og boð-
skap konungs 10. jan., 1902. Hvorki blöð þau er ritstj. ber fyrir sig né konungsboð-
~~boð~~skapinn að heldr segja að í frumvarpinu til alþingis eigi það ákvæði að standa
að ráðgjafi Íslands skuli ~~leggja~~ bera sérmál þess upp fyrir konung í ríkisráði, eða að
ríkisráð feli ráðgjafa það erindi að skipa þingi með hardri hendi að samþykkja slíkt
frumvarp óbreytt. Kjósendr vissu því ekkert um ákvæði frumvarpsins né um skipun
ráðgjafa, þá er þeir kusu menn til þings. Svo að það kemr þá upp úr dúrnum,
að ekkert er hæft í því sem Austri ~~segir~~ hér fer með. Það er ekki annað enn
hvað hann ímyndar sér að kjósendr kunni að hafa ímyndað sér, að menn ættu
að ímynda sér að væri meiningin í boðskap konungs og því sem ritstj. hafði lesið
í, og lagt út úr dönskum blöðum.

Austri og stjórnskrárin

Eru sona varð Austri þó að tala til bænda, er hann hafði einsett sér að fá
þá til að ~~ber~~ trúa því, að það væru þeir, sem bæru alla ábyrgðina fyrir atferli
flokkaforingja og fylgdarmanna þeina á þingi. Þessi glapmælgi Austra kemr
þá fyrst út úr skugganum í allri sign andstyggðarinnar þegar hemi er brugðið
upp við birtu landsréttar Íslands. Því svo mælir 31. gr. stjórnskrár fyrir: Al-
þingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur
fylgja!
frá kjósendum sínum. Og þetta er leiðtoginn, gamall í hettumi, sem bændr eiga að trúa og
Hann kjassar kjósendr og klappar þeim meðan hann er að smokka á þá fjötrinum:
trunni, að þeir hafi í vasa sínum samvizku og sannfæring þingmanna! Alt til þess gert
að veita þá til að standa við "ótvíræða skipun" sem þeir aldrei gátu gefið né hafa gefið út.
Veslings bændr, þér eigið flaa vini!

Ef Austri segði satt.

Og þó nú Austri segði vinum sínum satt, þá hröflaði það eigi við málstað mínum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tæð) minnsta. Em það er eitt sem það sannaði: kjósendr ~~vissu~~ hefðu þá ekki vitað takmörk löggjafar-þinghár alþingis; ~~þeir vissu~~ ekki, að ríkisráð Dana stóð og stendr fyrir utan þau; 'skipuðu' (!) þeir því þingmönnum að gjöra það, sem þeir höfðu engan rétt til að gera; þessu ~~hafa~~ hlýddu þingmenn ~~hlýtt~~, og (sýndu) ~~sýnt~~ það, (ef atferli þeirra kemr á rekkning skilningsins enn ekki skilningarvitanna. 'þegjandi samþykki'!) að skilningr þeirra var eigi glöggvari enn kjósenda. Nota bene.

Að eg láti mér lynda "það fyrirkomulag að Íslands ráðgjafi sitji óumtalað í ríkisráðinu eins og verið hafi og flytji þar Íslands mál", hefi eg hvergi sagt, það er eg man. Hann hefir setið án lagaheimildar í ráðinu í 28 ár, og farið þar með sérmál Íslands. Hann sitr þar með rekstr þeirra mála alsendis ekki eftir grundvallarlögum Dana. Þau lög nefna engan ráðgjafa fyrir Ísland á nafn; nefna hvergi reinskonar meðferð á sérmálum Íslands; þau lög voru aldrei gefin fyrir Ísland, og hafa þar aldrei verið leidd í lög. Það er hugsunarvilla að ætla, að það veiti grundvallarlögum Dana gildi fyrir meðferð sérmála Íslands í ríkisráði, að ráðgjafi Íslands fer af sjálfs dáðum með þau mál þangað til flutnings. Það er hugsunarvilla, að ætla, að gildi laga nái nokkurn tíma út yfir þau málaefni, sem löggjafinn eða löggjafarnir, sem lögin settu, aldrei ætluðust til að þau næðu yfir. Og sé nokkur hluti sögulega samaðr, þá er það sá, að löggjafar Dana, sem settu grundvallarlögin, kváðu skýrt á það, meðan á lagasetningunni stóð, að Ísland skyldi úti lokað frá ákvæðum þeirra laga. Eg hefi hvergi sagt, að Íslendingar ættu að gjalda þegjanda samþykki við því fyrirkomulagi sem nú er. Eg hefi sagt, eins skýrt og eg ætla, að sagt verði, að það hafi enga heimild í lögum. Það sama hafa Íslendingar sjálfir látið við kveða landsenda í milli alla tíð hin síðustu 50 ár. Em margt verða menn að þola, stundum þegjandi, af því, að eigi verðr, ýmissa hluta vegna, neytt bolmagns til að fá við því gert. Em að gera þolandi þögn að þegjanda samþykki í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

⊕ Komi inn bls 6 við merkið

Hvað úrfellir orðanna "í ríkisráði" merkir.

Það er hugsun sem eg hygg að yrði vandfengið vistarinni nokkurs staðar nema í Austra, að úrfellir orðanna "í ríkisráði" úr frumvarpinu merki það, að sú seta ráðgj. Íslands í ríkisráði, sem nú gengst við, sé þar með þegjandi samþykkt. Eg hygg að allir menn með heilbrigðri skynsemi, ~~[illegible]~~ er fær að njóta sín, ~~[illegible]~~ yrðu að játa að úrfellirinn væri tilkynning Íslendinga, að þeir vildu ekki hlýða neinum manni til þess vélræðis, að gefa þar lög sem löggjafarvald þeirra eigi næði til; að bak við þessa formlegu afsökun stæði hin fasta þjóðlega samfæring, að ákvæði stjórnskrárinnar að Ísland skuli hafa stjórn út af fyrir sig í sermálum sínum, sé ekki radd-þytr einn, heldr þjóðrétt; yrði því úrfellirinn að tákna það, að þessum þjóðrétti vildu þeir eigi glata, Íslendingarnir, hvorki með réttlausum lögum, né með réttlausri praxis (d: þeirri setu sem nú gengst við); svo að úrfellirinn yrði skír mótmæli gegn venjunni sem nú gengr yfir í stað þegjanda samþykkis ~~[illegible]~~ vís hana.

Austri með konung "í kiltingu sér."

"Á vor ástsæli konungr ... það skilið, að vér mætum hans hátignar ... tilboði með óánægju og tortryggni og köstum hinni mikilvægu tilboðnu stjórnarbót á nasir" honum. Hver er eið þessu? Konungr er settr yfir lögin, til að verða þau. Einn af ráðgjöfum hans stingr upp á því, að Íslendingar fari á venja löggjafarvald sitt allar götur suðr til Danmerkr. Vér segjum að til þessa skorti löggjafarvald Íslands, konungr með alþingi, rétt eftir gildandi löggjöf Íslands og Danmerkr. Þessu neitar Austri ekki; hann getr það ekki, leiðir því það mál alveg hjá sér. Ef þessu verðr ekki neitað, þá sýna þeir konungi æði mikið meiri virðingu og samari hollustu, er segja honum til þessa, enn hinir sem dylja hann þess; því að auk þess sem þeir treypta honum svo sem manni alt eins vel eins og Austri til að gjöra gott, treypta þeir honum og sem konungi ~~[illegible]~~ til að gjöra rétt d: að halda oss við lands lög og rétt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur